



**GARÐABÆR**  
www.gardabaer.is

**Til Íbúa í  
Garðahverfi**

Garðabæ, 30. mars 2017  
Mál nr. 1606484

**Efni: Garðahverfi sem verndarsvæði í byggð**

Í Garðahverfi er einstakur staðarandi sem á sterkar rætur í vel varðveittri menningarsögu og landslagi sem er mótað af búskaparsögu svæðisins.

Deiliskipulag sem samþykkt hefur verið fyrir svæðið er leiðbeinandi um þróun og uppbyggingu Garðahverfis til framtíðar. Þar er lögð áhersla á að uppbyggingin taki mið af staðaranda og hafa m.a. nýjar lóðir verið skilgreindar á núverandi bæjartorfum sem setja svip á hverfið. Með nýju húsum og nýjum íbúum eflist Garðahverfið sem lifandi hverfi til framtíðar og er hugmyndin að nýbyggingar falli vel að núverandi byggð.

Garðabær hefur fengið styrk frá Minjastofnun Íslands til að vinna að því að Garðahverfi verði skilgreint sem *Verndarsvæði í byggð* og mun þá samkvæmt lögum njóta sérstakrar verndar. Stefnt er að því að Garðahverfi verði eitt fyrsta verndarsvæði í byggð á Íslandi.

Með staðfestingu á Garðahverfi sem *Verndarsvæði í byggð* vilja bæjaryfirvöld vekja athygli á sérstöðu hverfisins, stuðla að fegrun þess og farsælli framtíðarþróun. Jafnframt mun aðstaða til útivistar batna með bættri aðkomu og lagningu útivistarstíga eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagi. Samþykkt um að Garðahverfi verði verndarsvæði í byggð er í fullu samræmi við gildandi deiliskipulag en mun gefa verndargildi staðarins meira vægi og skýra sérstöðu þess. Í engu verður hróflað við núverandi bæjartorfum sem eru í ábúð.

Boðað verður til íbúafundar á Garðaholti með bæjarstjóra þar sem farið verður nánar yfir hvað verndarsvæði í byggð er og hvaða þýðingu það mun hafa fyrir Garðahverfi og íbúa þess.

Samþykki bæjarstjórn tillögu um að Garðahverfi skuli gert að verndarsvæði verður tillagan ásamt greinargerð auglýst á áberandi hátt. Gefst þá þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta og öðrum sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri tækifæri að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdarfrestur skal vera a.m.k. sex vikur.

Verði tillagan formlega samþykkt í bæjarstjórn er hún send til endanlegrar ákvörðunar mennt- og menningarmálaráðherra.

Nánari upplýsingar veitir Erla Bil Bjarnardóttir, [erlabil@gardabaer.is](mailto:erlabil@gardabaer.is).

Með vinsemd,

Erla Bil Bjarnardóttir,  
umhverfisstjóri.